

2. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2015, haldinn 28. apríl 2015 í Flúðaskóla, kl. 14.00. 4. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Ásmundur Lárusson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Jón Bjarnason mætti ekki, fulltrúi kennara boðaði forföll, Erla Björg Arnardóttir, fulltrúi foreldra boðaði forföll, Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Skóladagatal fyrir næsta ár.
3. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

- ❖ Lið frá Flúðaskóla skipað 8 drengjum úr unglingadeildinni tók þátt í First Legó keppninni sem haldin var í Háskólabíói 31. janúar. Gyða Björk Björnsdóttir hefur boðið upp á legóval í unglingadeild og er þátttaka í keppninni afrakstur þess.
- ❖ Silja hjá Danssporti sá um danskennslu hjá okkur í nokkur skipti í febrúar, líkt og í fyrra. Eins og þá þótti þetta afar vel lukkað.
- ❖ Nemendur í 4. - 7. bekk fóru í dagsferð í Bláfjöll 17. febrúar. Ver gekk að finna hentuga dagsetningu fyrir unglingastigið því fresta þurfti þeirra ferð í tvígang. Þau komust samt þann 16. apríl og gistu eina nótt í Bláfjöllum. Ferðin tókst mjög vel þótt ekki hafi viðrað vel til skíðaiðkunar.
- ❖ Öskudagur var haldinn hátíðlegur þann 18. febrúar. Að venju sá foreldrafélagið, ásamt kennurum, um skemmtun fyrir yngsta- og miðstig en unglingarnir fóru í íþróttahúsið og léku sér þar með kennurum.
- ❖ Stóra upplestrarkeppnin var haldin í Félagsheimili Hrunamanna miðvikurdaginn 18. mars 2015. Tíu keppendur frá fimm skólum tóku þátt í keppninni og stóðu allir keppendur sig mjög vel. Þetta var allt hin besta skemmtun og frábært að fá að taka þátt í svona viðburði. Þeir sem báru sigur úr bítum í upplestrarkeppninni þetta árið á okkar svæði voru þau Margrét María Ágústsdóttir, Flóaskóla í 1. sæti, Jónas Guðmundsson, Flúðaskóla í 2. sæti og Lára Björk Pétursdóttir, Bláskógaskóla í 3. sæti.

- ❖ Árshátíðir voru haldnar með miklum sóma fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Ómetanlegt starf er unnið á hverju ári við undirbúning og framkvæmd árshátíða enda mikill metnaður hjá öllum sem að þessari vinnu koma.
- ❖ Nemendur í 9. og 10. bekk tóku þátt í Starfamessu sem er kynning á fjölbreyttum starfsgreinum á Suðurlandi.
- ❖ Eins og undanfarin ár sendum við keppnis- og stuðningslið á skólahreysti. Á báðum þessum keppnum stóðu nemendur sig mjög vel þó ekki hafi þeir lent í verðlaunasæti.
- ❖ Miðvikudaginn 8. apríl var boðið upp á Marita - fræðslu fyrir nemendur í 8. – 10. bekk og foreldra þeirra um skaðsemi fíkniefna og fleira því tengt. Nemendur fengu fræðslu á skólatíma og síðan var foreldrum boðið á fund kl 17:00. Foreldrum og nemendum í 5. bekk er boðið upp á samverustund á vegum Marita - fræðslunnar kl 15:30 þennan sama dag, þar sem farið var yfir þau atriði sem helst eru að koma börnum á miðstigi í vanda, þegar kemur að netinu, tölvum og hegðun.
- ❖ Menntaskólinn að Laugarvatni var með kynningu fyrir nemendur og foreldra í 9. og 10. bekk fimmtudaginn 9. apríl. Fundurinn var sameiginlegur fyrir Bláskógaskóla og Flúðaskóla. FSu bauð til kynningar fyrir foreldra og nemendur á okkar svæði og var það í Reykholti 21. apríl.
- ❖ Nýsköpunarkeppni var haldin í skólanum fyrir tilstilli Kristínar Erlu smíða- og nýsköpunarkennara hún fékk Ikea til að gefa verðlaun en það eru gjafakort í versluninni. Skilafrestur var til 21. apríl og verða úrslit tilkynnt fljótlega.
- ❖ Halldórsmótið í skák var haldið 22. apríl, keppendum er skipt upp í yngri og eldri deild. Stór hluti nemenda tekur árlega þátt í þessari keppni, í ár tóku 71% nemenda í 8. - 10. bekk þátt og 76% nemenda í 3. - 7. bekk. Þeir nemendur sem ekki taka þátt sjá um vöflubakstur og afgreiðslu veitinga.
- ❖ Könnun á vegum Skólaláttvæðingarsins var lögð fyrir foreldra, niðurstöður eru jákvæðar í samanburði við landið, einnig komu fram gagnlegar ábendingar í opnum svörum. Unnið verður upp úr könnuninni á frágangsdögum kennara nú í vor og niðurstöður birtar í framhaldi af því ásamt umbótaáætlun á heimasíðu skólans.
- ❖ Skólaþjónusta Árnesþings hafði frumkvæði að því að setja af stað samstarfsverkefni skólanna á svæðinu vegna námskrárvinnu. Samvinnuverkefnið felst í að leiða saman kennara sem fást við sömu námsgreinar og vinna að sameiginlegri námskrá fyrir hverja námsgrein frá 1. -10. bekk. Samhliða er ætlunin að vinna að hæfniviðmiðum fyrir hvern árgang. Á vorönn 2015 verða starfshópar starfandi í íslensku, stærðfræði og íþróttum. Vinna í námskrá og hæfniviðmiðum annarra námsgreina hefst á haustönn 2015.
- ❖ Þegar vinnu lýkur við námskrá og hæfniviðmið er ætlunin að allir skólar hafi aðgang að plagginu í gegnum nýja kynslóð Mentor.

- ❖ Starfsmannasamtöl standa nú yfir og ekki lítur út fyrir að neinar breytingar verði á starfsmannahópnum næsta vetur og nemendafjöldi við skólann verður svipaður og síðastliðinn vetur.
- ❖ Skólastjórnendur sátu tveggja daga námskeið um nýtt vinnumat grunnskólakennara og mannauðsstjórnun.

2. Skóladagatal fyrir næsta ár.

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali Flúðaskóla fyrir næsta skólaár, 2015-2016. Þar er gert ráð fyrir að skólasetning verði föstudaginn 21. ágúst og skólaslit þann 3. júní. Dagatalið er samræmt við dagatal Þjórsárskóla og eru vetrarfrí samræmd við fleiri skóla á Suðurlandi.

Skólanefnd samþykkir dagatalið.

3. Önnur mál.

a) Skipulagsmál.

Skólastjóri sagði frá því að stefnt sé að fundi með landslagsarkitektum í lok maí þar sem farið verður yfir skipulag skólalóðar. Mælt er með að fulltrúar úr hópi foreldra, nemenda og skólanefndar verði boðaðir á fundinn. Fulltrúi úr skólanefnd verður Bjarney Vignisdóttir.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:05